



8. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 27. september 1996 og hófst hann kl. 14:30.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Birgir R Gunnarsson og Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri.

1. Aðalfundur FEIF.

Guðmundur sagði í stuttu máli frá aðalfundi FEIF sem hann sat ásamt Víkingi Gunnarssyni og Kristni Hugasyni. Fundurinn var haldinn í Dusseldorf í Þýskalandi 21. sept. s.l. Fundurinn var gagnlegur.

2. Undirbúningur 47. ársþings.

Sigurður sagði frá undirbúningi þinghaldsins. Hann hefur kynnt sér aðstæður í Keflavík og taldi hann aðstæður þar til fundahalda góðar. Þinghaldið verður í félagsheimilinu Stapa.

Tillögur frá hestamannafélögunum sem landsþingið tekur til umfjöllunar hafa enn ekki borist skrifstofu L.H. Frestur til að skila inn tillögum rann út 26. sept. Fundurinn harmar hve seint félögin koma tillögum sínum á framfæri við stjórn L.H. Einnig eru ókomnar inn tillögur frá millipinganefndum sambandsins. Stjórnin felur Sigurði að kalla eftir tillögum frá millipinganefndum - mótanefnd, keppnisnefnd, og einnig frá Dómarafélagi L.H.

Fram kom að ákveðið er að fundur í mótanefnd er fyrirhugaður 3. okt. n.k. um breytingu á framkvæmt lands- og fjórðungsmóta. Kvikmyndun landsmóta var rædd og Sigurði falið að endursembja í samráði við Guðmund og setja fram í tillöguformi fyrir næsta fund stjórnar.

3. Fjárhagsáætlun.

Sigurgeir Bárðarson gjaldkeri L.H. lagði fram tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun L.H. fyrir árið 1997.

Stjórninni er nokkur vandi á höndum varðandi gerð þessarar fjárhagsáætlunar vegna samþykktar síðasta ársþings um verulegan niðurskurð á rekstri skrifstofu L.H. Stjórnin var og er enn á móti þessum niðurskurði og vill leita leiða til að halda fremur uppi meiri og betri þjónustu skrifstofunnar. Jafnframt umræðu um fjárhagsáætlunina var milliuppgjör yfirstandandi árs skoðað og er reksturinn í góðu jafnvægi. Fjárhagsáætlun var rædd ítarlega og ákveðið að leggja fram tvær tillögur.

Tillögu A, - sem tekur mið af samþykkt síðasta þings L.H. um niðurskurð í rekstri skrifstofunnar.

Tillögu B, - sem gerir ráð fyrir óbreyttum rekstri frá því sem nú er.

Gjaldkera, formanni og framkvæmdastjóra falið að semja greinargerðir með báðum þessum tillögum.

4. Sameiningarmál L.H. og HÍS.

Umræða fór fram um sameiningarmálið og kynningarfundi Sigurðar Magnússonar. Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundum fór Sigurður í þessa fundaherferð án samráðs við stjórn L.H. Þetta olli stjórninni miklum vonbrigðum. Það hefur komið í ljós á fundum Sigurðar að kynning hans er ekki hlutlaus heldur hefur hann fremur mælt með sameiningu með beinum og óbeinum hætti.

Sameiningarmálið var rætt mikið og á hvern hátt stjórn L.H. kemur að því á ársþinginu í Keflavík. Það var niðurstaða umræðunnar að sameiningarmálið verði aðalmál þingsins. Í upphafi umræðu um þetta mál á þinginu verði tveir framsögumenn.

Annar framsögumaður verður Guðbrandur Kjartansson, varaformaður L.H. Sigurði falið að finna annan framsögumann í samráði við formann.

5. Ársskýrsla.

Undirbúningur að ársskýrslu L.H. er í höndum skrifstofunnar í samráði við formann.

6. Kjörbréfanefnd.

Stjórnin tilnefnir eftirtalda í kjörbréfanefnd:

Birgir R Gunnarsson formaður, Rúnar Sigurpálsson, Sigrún Sigurðardóttir.

7. Önnur mál.

A) Skógarhólar.

Umræða fór fram um framkvæmd sem fyrirhugaðar eru á Skógarhólum og ræddar voru á síðasta fundi. Ákveðið var að breyta líttillega bókun frá síðasta fundi (sjá bókun 7. fundar) þannig að ákvörðun um fyrirhugaðar framkvæmdir á Skógarhólum í rafmagnsmálum verði teknar af stjórn L.H. og Skógarhólanefnd en ekki lögð fyrir 47. ársþing.

Næsti fundur fimmtudaginn 10. október kl. 16:00

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Kristmundur Halldórsson
Jón Bergsson
Sigbjörn Björnsson

Guðmundur Jónsson
Sigurgeir Bárðarson
Birgir R Gunnarsson